LÖG

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Jafnframt er bannað, þar til ríkisstjórnin ákveður annað, að flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina og bannið gegn flutningi íslenzks gjaldeyris milli landa, og er heimilt að setja þau ákvæði í reglugerð, að tolleftirlitsmenn megi leita alstaðar í skipum eða öðrum flutningstækjum, til þess að fyrirbyggja brot á reglugerðinni.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

Ennfremur er heimilt að ákveða með reglugerð, að allir, sem ætla að ferðast til útlanda, skuli gefa, áður en þeir fara, skýrslu fyrir lögreglustjóra eða tolleftirlitsmanni um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum og innflutningsleyfum úthlutað eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, að fengnum tillögum þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi greiðslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 41 19. maí 1930, 19. gr., svo og erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs, lánum bæjar- og sveitarfélaga og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f, og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir. Til þess að standast kostnað við nefndina skulu allir þeir, sem innflutningsleyfi fá, greiða 2‰ — tvo af þúsundi — af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

73 31. des.

5. gr.

Lögreglustjórar (tollstjórinn í Reykjavík), hver í sínu umdæmi, skulu láta hagstofunni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofustjóri ákveður.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sömu refsingu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum, auglýsingum eða skilyrðum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefir sett fyrir leyfisveitingum. Þá er heimilt að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem er ólöglega fluttur frá útlöndum eða reynt er að flytja til útlanda á ólöglegan hátt.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum, sem settar verða samkvæmt þeim, renna í ríkissjóð. Upptækar vörur og íslenzkur gjaldeyrir verður eign ríkissjóðs.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.